

63. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 21. september 2021, kl. 14:00 húsnaði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Edward Huijbens formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Katrín Freysdóttir, Ásgeir Logi Ásgeirsson, Ida Semey fulltrúi kennara, Sara Sigurbjörnsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Rósa Jónsdóttir boðaði forföll og ekki náðist í varamann.

Dagskrá

1. Fundir vetrarins dagsettir

Skólameistari lagði til að fundir vetrarins verði haldnir 17.11., 18.01., 15.03. og 24.05. kl. 13:00. Stefnt er að því að allir fundir nema fundurinn í maí verði fjarfundir.

2. Kjör formanns

Edward býður sig fram til formennsku áfram. Samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir samninga sem eru í gildi

Skólameistari fór yfir þá samninga sem eru í gildi hjá skólanum. Þá má finna á vef skólans <https://www.mtr.is/is/skolinn/samningar>. Frá því að síðast var farið yfir samningana hafa verið gerðir samningar við Ásgarð og samkomulag við HSN. Gerð var athugasemd við að það vantaði tímasetningu í nokkra samninga og verður það lagfært. Hugmynd kom fram um að eldri samningar yrðu aðgengilegir í sér möppu á heimasíðu.

4. Rekstrarstaða

Fjármálastjóri, Inga Eiríksdóttir, mætti á fundinn og fór yfir rekstrarstöðu skólans og uppgjör ársins 2020. Umræður urðu um stöðuna. Aukning á fjármunum vegna aukins nemendafjölda er tímabundin og því gæti þurft að draga saman um áramót. Reksturinn er innan marka.

5. Sjálfsmat

Aðstoðarskólameistari fór yfir sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir skólaárið 2020-2021. Hana er að finna á heimasíðu skólans.

6. Tengsl við atvinnulíf

Skólameistari gerði grein fyrir því að nú fyrst væru að hefjast samskipti við atvinnulífið og fyrirtæki eftir hlé vegna Covid-19. Ida upplýsti að hún hefði farið í nokkur fyrirtæki með nemendur í áfanga um mat og menningu.

7. Önnur mál

7.1 Samstarf SSNE og Byggðastofnunar við Samnor

Skólameistari sagði frá samstarfi sem Samnor er komið í við SSNE og Byggðastofnun. Tengt því er komið af stað verkefni þar sem skólinn hefur fengið styrk til að aðstoða kennara í Póllandi varðandi upplýsingatækni í námi og kennslu.

7.2 Nemendaferð til London

Skólameistari sagði frá ferð sem nemendur munu fara í til London sem er hluti af áfanga í skapandi tónlist. Kennarinn býr í London og nemendur munu fara og fá innsýn í tónlistarlíf í London og hvernig er að vera tónlistarmaður þar. Nemendur munu fjármagna ferðina sjálfir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:18.